

Nd.

74. Frumvörp

til laga um bann gegn refarækt.

Flutningsm.: Björn Stefánsson, Jón Jónsson, Þorsteinn M. Jónsson,
Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Refarækt skal bönnuð hjer á landi.

2. gr.

Yrðlinga, sem nást lifandi á grenjum, má enginn ala nema meðan á grenjavinslu stendur, þó ekki lengur en til 30. júní. Refi, sem nást kynnu lifandi á annan hátt, á hvaða tíma sem er, skal tafarlaust drepa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—200 kr. sektum og auk þess 500 kr. fyrir hvern ref, sem sleppa kynni lifandi úr gæslu. Sektirnar renna í hlutað-eigandi sveitar- eða bæjarsjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. mars 1920.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir dýrbit við hjer á landi farið mjög í vöxt. Liggur sterkur grunur á, að það stafi af því, að refir sleppi úr gæslu. Hvort sem sá grunur er rjettur eða ekki, þá er ómögulegt að staðhæfa, að slíkt kunni ekki að geta komið fyrir, einkum í ísaárum. Því finst oss rjett, að eiga ekki þann ótta yfir sjer vofandi, jafnmikið og við liggur, og því sjálfsagt að banna algerlega refaeldi hjer á landi.